

Fundargerð
323. stjórnar Úrvinnslusjóðs
Fimmtudaginn 24. mars 2022 kl. 08³⁰ – 10³⁰.

Mætt: Magnús Jóhannesson (MJ), formaður
Benedikt S. Benediktsson (BSB)(fjv)
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁHJ)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Halldór Haraldsson (HaH) (fjv.)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Hlífðar Þór Hreinsson (HPH) (vm HaH.)
Berglind Rós Guðmundsdóttir (vm. BSB)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Verkefni framundan

Farið var yfir stöðu mála á verkefnaáætlun. Fundað er með fulltrúum Skattsins vikulega. Farið var yfir stöðu mála er varðar álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki, einnig voru tollnúmer skoðuð og væntanlegar breytingar sem þarf að gera til að mæta álagningu á rafbíla og drifrafhlöður.

Farið var yfir vinnu við álagningu á úrvinnslugjaldi vegna nýrra vöruflokka í Tolli og hugmynd að væntanlegri útfærslu. Þar þarf að gefa upp aðalefnisinnihald söluumbúða. Einnig kynnt nálgun að innleiðingu þrepaskiptra gjalda sem er enn í vinnslu í Noregi. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því við ráðuneytið að leita upplýsinga hjá ESB um stöðu þrepaskiptra gjalda.

3. Sérstök söfnun

Sagt var frá fundi með ráðgjafa sem gæti komið að því að aðstoða við vinnuna framundan við sérstaka söfnun úrgangs. Farið var yfir að lagabreytingar sem munu taka gildi um áramót séu mjög umfangsmiklar og því þurfi að vanda vel til undirbúnings og mynda breiða samstöðu. Mikilvægt er að lista upp þau lagalegu álitæfni sem liggi fyrir og fá úrskurð ráðuneytisins um þau sem allra fyrst.

Lagt var fran á fundinum minnisblað frá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs um hringrásar hagkerfið og lögin er samþykkt voru á síðasta ári. Stjórn

Samþykkir að fá álit ráðuneytis UOL á álitamálum sem fram koma í minnisblaðinu.
Ennfremur minnisblaði fulltrúa atvinnulífsins í stjórn Úrvinnslusjóðs sem er væntanlegt.

4. Flutningsjöfnun

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við útreikning á kostnaði við flutningsjöfnun/tilleggi. .
Farið var yfir hugsanlegt fyrirkomulag við greiðslu á flutningstilleggi við innsöfnun innan sveitarfélaga sem og flutning til Reykjavíkur. Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram vinnu við útfærslu á flutningsjöfnun/tilleggi. Ennfremur að draga saman ávinning af þessum breytingum áður en málið fær endanlega afgreiðslu. Rætt um hvernig kynna eigi þessa vinnu fyrir hagaðilum.

5. Rekstur

Frestað

6. Plastumbúðir

Frestað

7. Samráð (5 mín)

Farið yfir að til stendur að ræða við og boða Landvernd, Neytendasamtökin og Náttúruverndarsamtök Íslands í apríl til fundar til að ræða um fyrirkomulag samráðsfunda og efnistöð.

8. Önnur mál (+ mín)

MJ sagði frá því að líkur standi til að fyrstu drög að stjórnsýsluúttekt ríkisendurskoðunar liggi fyrir í apríl.

ÓK sagði frá samningi við Strategíu um vinnustaðagreiningu og að stjórn verði upplýst um áætlunina þegar hún liggur fyrir.

Næstu fundir stjórnar. Lagt var fram fundarplan sem var samþykkt.

Næsti fundur 6. apríl kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:30